



**Ávarp forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við heimkomu landsliðsins í handknattleik
4. febrúar 2002**

Heiðraða landslið

Velkomnir heim úr sigurför og til hamingju með glæsilegan árangur. Þið hafið veitt þjóðinni mikla gleði og við fögnum öll við heimkomu ykkar.

Árangur landsliðsins telst tvímælaust til merkustu afreka í íþróttasögu Íslendinga. Aldrei fyrr hefur lið náð jafn langt í keppni við öflugustu íþróttþjóðir heims.

Það er mikil gæfa fyrir litla þjóð að eiga slíka afreksmenn, íþróttahetjur sem vekja stolt með þjóðinni og eru æskunni hollar fyrirmyndir. Þið náðuð að sameina okkur öll, skapa einn vilja, þjóðarsál. Þessir dagar munu svo sannarlega lifa lengi í minningunni.

Fyrir hönd Íslendinga allra býð ég ykkur hjartanlega velkomna heim og færi ykkur hamingjuóskir, hamingjuóskir til landsliðsins alls, hamingjuóskir til Handknattleikssambandsins, hamingjuóskir til íþróttahreyfingarinnar.

Ég vona að þið finnið hér í dag og áfram næstu daga þakkarhug þjóðarinnar, gleðina og stoltið, hvatningu til að halda ótrauðir áfram á sigurbraut.

Nú þurfum við Íslendingar allir að sýna í verki stuðning okkar við landsliðið og gera því kleift að sinna þjálfun og undirbúningi fyrir næstu mót á þann hátt sem best verður kosið. Fjársöfnunin undanfarna daga er vissulega góð byrjun en betur má ef duga skal og því heiti ég á ykkur öll að vera áfram það öfluga bakland sem landsliðið hefur nú sýnt að það verðskuldar svo sannarlega.

Ágæta landslið, þið gerðuð keppnisdagana að sannkallaðri þjóðhátíð. Við hylfum ykkur öll og þökkum. Til hamingju.